



**309. Stjórnarfundur haldinn 27. mars 2008 kl:18:00**

**Mættir: Einar, Kári, Sigurvin, Birgir, Sveinn, Guðjón og Bjarney.**

### **1. Fundargerð síðasta fundar.**

Lesin og samþykkt.

### **2. Innkominn bréf.**

Bréf frá ÍSÍ v/skil á starfskýrslum 2007, ÍSÍ v/ nýs samnings við Flugfélag Íslands, UMFÍ v/boðunar á samráðsfund 26. og 27. apríl næstkomandi haldinn í Þorlákshöfn en gisting á Selfossi, UMFÍ v/yfirlit á lottógreiðslu febrúar og tölvupóstur frá Stefáni Bjarkasyni framkvæmdastjóra MÍT v/óska minnihlutans um staðfestingu Keflavíkur á að það væri verið að byggja félagsheimilið eftir þeim teikningum sem félagið væri sátt við og tölvupóstur frá Stefáni Bjarkasyni framkvæmdastjóra MÍT v/ byggingu nýs félagsheimilis fyrir Keflavík en þar stendur „ 7. mál bæjarráðs 13/3'08 – umsögn aðalstjórnar Keflavíkur íþróttá- og ungmennafélags varðandi Félagshimili Keflavíkur. Eignarhaldsfélagið Fasteign verði heimilað að hefja framkvæmdir á grundvelli gagna sem kynnt voru í bæjarráði 13. mars sl. Samþykkt 5-0. Fulltrúar A-listans óska bókað: Við samþykkingu byggingu Félagshimilis Keflavíkur með vísan til bréfs frá aðalstjórn Keflavíkur dagsettu 14. mars 2008. Þar sem Fasteign hf. á nú þegar það húsnæði sem byggt verður við, leggjumst við ekki gegn því að Fasteign hf. sjái um byggingu félagsheimilisins. Guðbrandur Einarsson og Eysteinn Jónsson“. **Aðalstjórn fagnar ákvörðun bæjarráðs af alhug og þakklæti.**

### **3. Send bréf.**

Bréf sent til bæjarráðs Reykjanesbæjar v/umsagnar aðalstjórnar á fyrirliggjandi teikningum á nýju félagsheimili félagsins sem á að rísa ofan á búningsklefa íþróttahússins á Sunnubraut.

### **4. Heimsókn til deilda félagsins.**

Rætt um að fara á fundi hjá deildum félagsins. Framkvæmdastjóra falið að óska eftir því við deildir að fá að koma á fund hjá þeim.

### **5. Samráðsfundur ÍT, ÍRB og aðildarféлага.**

EH sagði frá fundinum og fór yfir fundargerð. EH lýsti yfir ánægju sinni með fundinn og ekki síður að vera stoltur af okkar fólki því það var einungis fólk frá deildum Keflavíkur sem tók til máls fyrir utan stjórnendur fundarins og formanns ÍRB. Í framhaldi af þessum fundi þá þarf að fara að vinna að því að fá meira fjármagn inn í starfið.

### **6. Önnur mál.**

EH sagði frá því að hann hefði lagt fram fyrirspurn til Stefáns Bjarkasonar v/ byggingar á búningsklefum við Sparisjóðsvöllinn. Umræður um innrastarf félagsins. EH sagði frá því að hann væri að fara á málþing um niðurstöður Forvarnardagsins 2007 „ Hvað vilja þau“. SG sagði frá því að hann hefði heyrt í Eðvarði v/ ritun á sögu félagsins og hann léti vel af sér og verkið væri á góðum stað. Áætlað að vera





með drög til yfirlstrar í september 2008. SG upplýsti stjórn um vinnu sem fer nú fram í Heilbrigðisráðuneytinu um svokallaðan „Þriðja geira“. Fylgst verður með framvindu mála. BI hefur áhyggjur að ekki sé byrjað á framkvæmdum á Sparisjóðsvellinum hvað varðar umhirðu og þess háttar. Stjórnarmenn samála því. BSS sagði frá því að ÍM í fimmtíu metra laug færi fram daganna 3. – 6. apríl í Laugardalslauginni. Nokkrar umræður um mönnun í stjórnir deilda félagsins.

Næsti stjórnarfundur 10.apríl kl. 17:05

Fleira ekki gert og fundi slitið kl.18:30

